

SÍA II kaupir 35% hlut í Kynnisferðum

SÍA II, framtakssjóður í rekstri Stefnis, hefur gengið frá kaupum á 35% hlut í Kynnisferðum. Seljandi er fjárfestingarfyrirtækið Alfa hf. Samhliða kaupunum koma Steinn Logi Björnsson forstjóri flugfélagsins Bluebird og Benedikt Ólafsson forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni inn í stjórn félagsins.

„Ferðapjónusta á Íslandi er í miklum vexti og er orðin ein mikilvægasta atvinnugrein landsins,“ segir Benedikt Ólafsson. „Kynnisferðir er leiðandi fyrirtæki á sínum markaði og við erum mjög ánægðir með að hafa klárað fjárfestingu í félaginu. Við sjáum frekari tækifæri í rekstri þess á næstu árum og hlökkum til að vinna með öðrum hluthöfum og stjórnendum að framgangi þess,“ segir Benedikt.

„Rekstur Kynnisferða hefur tekið miklum breytingum á liðnum árum og félagið hefur ráðist í umtalsverðar fjárfestingar til að mæta vexti í ferðapjónustu á Íslandi. Við munum halda áfram að stækka og efla félagið á komandi árum og töldum því rétt að fá inn nýja hluthafa í félagið á þessum tímamarki. Við fögnum aðkomu nýrra fjárfesta og teljum að innkoma þeirra muni styrkja félagið verulega til framtíðar,“ segir Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, stjórnarformaður Kynnisferða.

Kynnisferðir er eitt elsta og rótgrónasta fólksflutningafyrirtæki landsins og hefur frá upphafi verið í fararbroddi í skipulögðum dagsferðum um Ísland. Fyrirtækið var stofnað 1968 og er eitt stærsta ferðapjónustufyrirtæki landsins með yfir 300 starfsmenn. Stærsti hluti rekstrarins er undir merkjum Reykjavík Excursions sem býður upp á fjölbreyttar dagsferðir auk þess að bjóða upp á ferðir yfir sumartímamann og áætlunarakstur til og frá Keflavíkurflugvelli og Bláa lóninu. Kynnisferðir starfrækja einnig bílaleigu undir merkjum Enterprise, stærstu bílaleigu í heiminum.

Um SÍA II

SÍA II er framtakssjóður í rekstri Stefnis hf. Hluthafar SÍA II samanstanda af lífeyrissjóðum, fjármálafyrirtækjum og fagfjárfestum. Sjóðir á vegum Stefnis hafa verið leiðandi í framtaksfjárfestingum á Íslandi og hafa, ásamt meðfjárfestum, fjárfest fyrir yfir 40 milljarða króna í óskráðum félögum frá árinu 2011.